

Mánudaginn 15. desember 1919.

Nr. 46/1919:

Sveinn Björnsson
fyrir hönd Bookless Bros
gegn
fjármálaráðherra Íslands
f. h. ríkissjóðs.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi Sveinn Björnsson í umboði firmans Bookless Bros í Hafnarfirði fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn fjármálaráðherra Íslands fyrir hönd ríkissjóðs til endurgreiðslu á vörutolli að upphæð 8415 kr. Máli þessu lauk svo fyrir bæjarþinginu með dómi uppkveðnum 1. maí þ. á., að áfrýjanda voru dæmdar úr ríkissjóði 7912 kr. 1 e. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 11. sept 1918 til greiðsludags og var málskostnaður látinn falla niður

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags 12. ágúst þ. á; krefst hann staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi. Stefndi fjármálaráðherra Íslands hefir frá sinni hálfu gagnfrýjað málinu með stefnu útgefinni 1. sept. þ. á.; krefst hann þess principaliter að hann fyrir hönd ríkissjóðs verði algerlega sýknaður í málinu, en til vara að hann verði aðeins dæmdur til að greiða upphæð, er svari til 3813 þakka af fiski vaxtalaust og til þrautavara að hann verði ekki dæmdur til að greiða hærri upphæð en 5053 kr. án vaxta.

Loks krefst hann, hvernig sem málið fer, málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir, að vorið 1915 flutti firma að Bookless Bros inn til Hafnarfjarðar farm af óverkuðum saltfiski frá Noregi. Úrskurðaði stjórnarráðið í bréfi til bæjarfógetans í Hafnarfirði dags. 6 maí 1915, að firmað skyldi greiða vörutoll af fiski þessum eftir 6. lið 1. gr. vörutollslaga 22. okt. 1912 með 1 kr. af hverjum 50 kg og er það in confesso í málinu að firmað hafði greitt 8415 kr. í vörutoll af fiski þessum. Í nefndu bréfi stjórnarráðsins er það enn fremur tekið fram, að þins vegar geti téð firma (Bookless Bros) fengið endurgreiddan tollinn að frá dregnum innheimtulaunum, ef það flytur farm þennan aftur út úr landinu og fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir endurgreiðslu tollsins í 11. gr. vörutollslaganna.

Hinn 12. júlí 1916 ritaði áfrýjandi stjórnarráðinu og sendi því skilríki þau, er síðan hafa verið lögð fram í máli þessu um að fullnægt væri skilyrðum 11. gr. vörutollslaganna fyrir endurgreiðslu á tolli og beiddist þess að fá tollinn endurgreiddan að frádregnum innheimtulaunum. Þessu bréfi svaraði stjórnarráðið 28. ágúst s. á. á þá leið, að það sjái sjer ekki fært að endurgreiða vörutollinn með því að eigi yrði álitid að blautur fiskur, sem inn sé fluttur og síðan fluttur út aftur verkaður, sé hin sama vara, svo hægt sé að endurgreiða toll samkvæmt vörutollslögunum, og auk þess sé engin sönnun komin fram fyrir því að það sé einmitt sá fiskur, er inn var fluttur

sem getur um í tollstjórávottorðum þeim, er bréfinu fylgdu.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á ástæðum þeim, er teknar eru fram í nefndu bréfi stjórnarráðsins 28. ág. 1916. Fyrri ástæðan, að þurr saltfiskur sé ekki sama vara og óverkaður saltfiskur, þykir ekki á rökum byggð, með því að fiskurinn hefir ekki tekið öðrbreytingum frá því að hann var fluttur inn þar til hann var fluttur út en þeim, að óhreinindi hafa verið þvegin af honum og hann þurkaður, en við þetta hefir fiskurinn ekki tekið neina tegundarbreytingu frekar en þegar ull er þvegin; stjórnarráðið hefir og í nefndu bréfi til bæjarfógetans í Hafnarfirði, vitandi um að verka átti hinn umrædda fisk hér á landi og flytja hann út þurran, lýst því yfir að vörutollurinn af honum að frádregnum innheimtalaunum gæti fengist endurgoldinn, ef hann væri fluttur út úr landinu aftur og fullnægt væri skilyrðum 11. gr. vörutollslaganna um endurgreiðslu vörutolls, og þar með skuldbundið sig til endurgreiðslunnar að þessum skilyrðum áskildum.

Því er nú og haldið fram af stefnda, að þessum skilyrðum sé ekki fullnægt. Áfrýjandi hefir lagt fram í málinu sundurliðaða skýrslu um það hvenær, með hvaða skipum og hve mikið í einu hafi verið flutt út af fiskinum, og er á skýrslu þessa ritað vottorð lögreglustjórans í Hafnarfirði um það að fiskur sá, er áfrýjandi flutti inn og greiddi vörutoll af, sé fluttur til útlanda eins og skýrslan segir, og hinn innflutti fiskur sé þar með allur útfluttur og er í

vottorðinu tekið fram, að það sé gefið samkvæmt 11. gr. vörutollslaganna. Ennfremur hefir áfrýjandi lagt fram vottorð frá erlendum tollstjórnnum um það, að fisksendingar þær, er skýrslan greinir, hafi verið fluttar inn með þeim skipum, sem skýrslan greinir, og á þeim tíma, er kemur heim við brottfarartíma þeirra héðan, að undanskilinni einni sendingu með 160 pökkum af fiski eða 8000 kg. Af þessu dró undirdómarinn frá kröfu áfrýjanda, 8415 kr., upphæð sem svaraði til vörutollsins af þessum 160 pökkum eða 258 kr. 28 a. en dæmdi stefnda til að endurgreiða kr 8156 72 að frádregnum 3⁰/₁₀ innheimtulaunum af þeirri upphæð, kr. 244 71 = kr. 7912.01.

Fyrir undirrætti hefir umboðsmaður stefnda vefengt hið umgetna vottorð lögreglustjórans, en það verður að fallast á það álit undirdómarans, að vefenging þessi verði eigi tekin til greina, með því að hér er að ræða um vottorð embættismanns, gefið í embættisnafni samkvæmt lögheimild, en vefengingin órökstudd, og ber þá að byggja á vottorði þessu. Vottorð hinna útlendu tollstjórna eru eigi rituð á sama skjalid og yfirlýsing lögreglustjórans, en þau eru, það sem þau ná, í fullu samræmi við hana, og virðist enginn vafi geta á því verið að átt er við sömu vöruna í báðum vottorðunum, enda er ekkert komið fram um það, að áfrýjandi hafi sent annan eða meiri fisk með skipum þeim, er ræðir um í vottorði lögreglustjóra. En það að vottorð hinna útlendu tollstjórna eru eigi rituð á sama bladið og vottorð lögreglustjóra virðist vera svo þýðingarlítil a fbrigð

frá skilyrðum 11. gr. vörutollslaganna að það geti eigi verið því til fyrirstöðu að áfrýjandi fái vörutollinn endurgreiddan. Aðalkrafa stefnda um sýknun í málinu verður því eigi tekin til greina.

Varakröfu sína um að verða aðeins dæmdur til að endurgreiða upphæð, er svari til 3813 pakka af fiski, byggir stefndi á því, að í vottorðum frá móttakendum fisksins, sem lögð hafa verið fram í málinu, er að eins tekið fram um þessa pakkatölu að í þeim hafi verið norskur fiskur, og verði því svo að líta á, að í hinum pökkunum hafi verið innlend framleiðsla. En þar sem samræmi er milli lögreglustjóravottorðsins, er telur allan fiskinn norskan, og vottorða hinna erlendu tollstjórna, verður ekkert á þessu byggt og verður varakrafan þá eigi heldur tekin til greina.

Svo sem fram hefir verið tekið greiddi firmað Bookless Bros vörutoll af hinum innflutta fiski, er nam 1 kr. fyrir 50 kg. og heldur áfrýjandi því fram hér fyrir réttinum, að ef firmanu beri endurgreiðsla á tolli þessum, geti sú endurgreiðsla ekki miðast við annað en þann þunga, sem aftur er útfluttur, og þar sem firmað eftir yfirlýsingu þess sjálfs hafi ekki flutt út aftur nema 5213 pakka, 50 kg. að þyngd hvern, geti aldrei um frekari endurgreiðslu verið að ræða en 5213 kr. eða öllu heldur 5053 kr., er framannefndir 160 pakkar eru frádregnir. Á þetta verður þó ekki fallist, með því að það virðist auðsætt að endurgreiðslan verður að miðast við vörutollinn af hinum innflutta fiski en eigi við þyngd fisksins eftir

að búið var að þurka hann, enda er þetta í samræmi við bréf stjórnarráðsins 6. maí 1915, en þar segir að vörutollurinn verði endurgreiddur, ef farmurinn verði útfluttur.

Þar sem kröfur gagnáfrýjanda verða ekki teknar til greina, ber eftir kröfu áfrýjanda að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 60 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður. Úr ríkissjóði skal greiða áfrýjanda Sveini Björnsyni fyrir hönd firmans Bookless Bros 60 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Mánudaginn 22. desember 1919

Nr. 17/1919: Hlutfélagið »Ísbjörninn«
 gegn
 skiftaráðandanum í Barðastrandar-
 sýslu f. h. þrotabús M. Olsen,
 Ólafi Jóhannessyli o. fl.

Dómur:

Vorið 1914 keypti verzlunarfirmað M. Olsen á Patreksfirði kutterskipið Express frá Færeyjum og